

Reykjavík, 28. febrúar 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

● ● ● Efni: Tillaga til þingsályktunar, þingskj. 581 – 345 mál.


365 miðlar ehf hafa fengið til umsagnar framangreinda tillögu til þingsályktunar um útlarp frá Alþingi.

Nú háttar þannig til að 365 hefur ekki lengur með höndum neina dreifingu útlarpsmerkja, hvorki sjónvarps né hljóðvarps.

365 miðlar eru einungis efnisveita sem miðlar efni um dreifikerfi annarra, fyrst og fremst Vodafone og Símans.

365 miðlar hafa hins vegar engar athugasemdir við efni tillögunar. Þessa starfsemi mætti kalla almannaþjónustu sem veldur ekki truflun á markaði, öfugt við þá stórfelldu misnotkun á almannafé sem felst í niðurgreiddu auglýsingasjónvarpi ríkisins.

F.h. 365 miðla ehf



Ari Edwald forstjóri



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

2008010095

3.42.013

25. febrúar 2008

Málefni: Um útlarp frá Alþingi

Póst og fjarskiptastofnun (PFS) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um útlarp frá Alþingi, þskj. 581 - 345. mál.

PFS lét Gallup framkvæma könnun haustið 2007 vegna yfirstandandi greiningar á markaði fyrir dreifingu útlarps. Eftirfarandi voru niðurstöður við spurningunni "hverja af eftirtöldum leiðum notar þú til að hlusta á útlarp":

Gegnum sjónvarp 12,7%

Gegnum internetið 17,9%

Útlarpstæki 66,9%

Hlustar í bíl 72,4%

Af því má ráða að hlustun á útlarp (hljóðvarp) sé lang algengust gegnum hefðbundin FM-útlarp sviðtæki á heimilum og í bílum. Sé gengið út frá því að útsendingar eigi að hefjast haustið 2008 og ná til meginþorra þjóðarinnar þá er næsta ljóst að útsending á FM-tíðni er álitlegasti kosturinn, ef ekki sá eini, sérstaklega ef gerð er krafa um móttöku í bílum.

Ef Útlarp Alþingi á að ná til allra landsmanna með áþekktum hætti og t.d. Rás 1, Rás2 eða Bylgjan, er það mat stofnunarinnar að FM útlarp með 50-60 sendum nái til um 98% landsmanna og dreifikerfi með um 100 sendum nái til rúmlega 99% landsmanna. Hér er m.a. horft til þess að unnt sé að hlusta á dagskrána í ökutækjum og gert ráð fyrir að FM viðtæki séu fyrir hendi hjá öllum þorra landsmanna.

Hins vegar er einnig ljóst að ef ekki er laus útsendingartími hjá þeim útlarpsstöðvum sem þegar hafa yfir að ráða FM-dreifikerfi þá þarf að byggja upp nýtt dreifikerfi. Slíkt tekur vafalaust nokkra mánuði og ekki er óhugsandi að framkvæmdin krefjist opinbers útboðs. Kostnaður við slíka uppbyggingu hefur ekki verið greindur af stofnuninni, en framkvæmdakostnaður hleypur væntanlega á hundruðum milljóna.

Hafa verður í huga að útlarpsviðtæki hlutstenda hljóta að hafa afgerandi áhrif á allar ákvarðanir um uppbyggingu dreifikerfa fyrir útlarp. Ekki þjónar miklum tilgangi að byggja upp fullkomið dreifikerfi, ef þeir sem dagskráin á að ná til hafa ekki réttu viðtækin. Ætla má að það taki að lágmarki 3-5 ár að koma á nýju kerfi með nýrri tegund móttökubúnaðar sem væri algengur hjá öllum þorra landsmanna, t.d. með stafrænu hljóðvarpi á hefðbundnu



tíðnisviði (DAB) eða á langbylgju.

Rétt er að benda á að nú er RUV að huga að dreifingarmálum vegna stafræns sjónvarps og e.t.v. er samlegð í því að byggja upp stafrænt dreifikerfi bæði fyrir hljóð og mynd, ef sú leið verður farin að byggja upp dreifikerfi fyrir RUV.

Í þessu ljósi er einnig rétt að benda á að nú stendur yfir endurskoðun fjarskiptaáætlunar. Stofnunin telur mikilvægt að langtímastefna verði mótuð varðandi dreifingu hljóðvarps á Íslandi í því sambandi. Sérstaklega er þetta mikilvægt í ljósi þess að móttaka hljóðvarps í bílum er algeng og innleiðingu nýrrar tækni í viðtækjum í bílum þarf að skipuleggja með löngum fyrirvara.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1657
komudagur 4.3.2008

3.3.2008
Allsherjarnefnd Alþingis

Hér með er komið á framfæri umsögn vegna fyrirleggjandi þingsályktunartillögu um að Alþingi útvarpi frá þingfundum sínum. Það er skoðun Útvarps Sögu að það sé mjög mikilvægt að sem flestir landsmenn eigi þess kost að heyra hvað fram fer á löggjafarsamkomunni, milliliðalaust.

Útvarp Saga er fyrst og fremst talmálsstöð sem leggur höfuðáherslu á umræður um margvísleg þjóðfélagsmál. Útvarp Saga sendir út í beinum útsendingum frá kl.07:00 á morgnana til kl.19:00 á kvöldin og er endurflutningur á kvöldin og nóttunni. Því er mjög auðvelt að breyta dagskránni með litlum fyrirvara. Útsendingar frá þingfundum Alþingis gætu fallið vel inní dagskrá Útvarps Sögu og hefur stöðin áhuga á því að kanna möguleika á samstarfi við Alþingi um framangreindar útsendingar. Er því hér með óskað eftir viðræðum við fulltrúa Alþingis sem hafa með málið að gera.

Virðingarfyllst

Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri



Með kveðju:
Arnþrúður Karlsdóttir
Útvarpsstjóri
ak@utvarpsaga
Suðurlandsbraut 24
sími 533-3943
GSM:661-1920